

25. apríl 2014

Til nefndarsviðs Alþingis.

Borist hefur til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES-reglur), 376. mál sbr. eftirfarandi tölvupóst. Beðist er velvirðingar á hve seint umsögnin berst. Eftirfarandi er umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skulu sveitarfélög sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu. Samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 skulu sveitarfélög semja áætlun um meðhöndlun úrgangs þar sem fram kemur m.a. hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landaáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Því er afar mikilvægt að sveitarfélög hafi góðan aðgang að tölulegum gögnum um úrgang s.s. magn og tegund. Í 5. gr. framangreinds frumvarps segir: "*Hafnaryfirvöld skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar berist Umhverfisstofnun, svo sem tilkynningar um úrgang og farmleifar auk yfirlits yfir magn og tegund þess úrgangs sem skal skilað*". Lagt er til að hafnaryfirvöldum verði jafnframt gert að skila þessum upplýsingum til viðkomandi sveitarfélags.

Að öðru leiti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst, f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs

Guðmundur B. Friðriksson

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Skrifstofa umhverfisgæða